Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins 23. maí 2025

F R Á S Ö G N

af fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Vallettu á Möltu 23. maí 2025.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Sigurður Helgi Pálmason, formaður, og Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðadeildar.

Hefð er fyrir því að stjórnarnefndarfundur að vori fari fram í því ríki sem fer með sex mánaða formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins en Malta gegnir því hlutverki frá 14. maí til 14. nóvember. Á fundinum fór Ian Borg, utanríkisráðherra Möltu, yfir áherslur formennskunnar sem beinast einkum að málefnum barna og ungs fólks. Vernd barna og hagsmunir þeirra er í forgrunni, með sérstakri áherslu á að styrkja baráttuna gegn kynferðisofbeldi og misnotkun sem á sér stað í gegnum stafrænar leiðir. Einnig vill Malta efla þátttöku ungs fólks í lýðræðislegu samfélagi, tryggja að rödd þess heyrist og sé virt við ákvarðanatöku. Einungis með því að efla hverja kynslóð til þátttöku er hægt að sporna við hnignun lýðræðis. Samstaða og stuðningur við Úkraínu, í varnarbaráttu gegn ólöglegri allsherjarinnrás Rússlands, verður áfram í öndvegi. Borg lagði áherslu á að Malta hefði sem hlutlaust ríki möguleika á að gegna hlutverki sáttasemjara í deilum og átökum milli ríkja. Í fyrirspurnum til Borgs var nokkuð fjallað um bátaflóttafólk á sunnanverðu Miðjarðarhafi og hlutverk sjóhers Möltu við björgun og leit á hafsvæðinu umhverfis eyríkið. Borg lagði áherslu á að öll ríki Evrópu yrðu að vinna saman að flóttamannamálum og að ósanngjarnt væri að ríki á syðri landamærum Schengen bæru stærstu byrðarnar. Borg sagði flóttamannaleiðina til Evrópu yfir Miðjarðarhafið undir stjórn skipulagðra glæpagengja sem smygla fólki og hafa gjarnan af þeim aleiguna og misnota það á grimmilegan hátt. Til úrbóta hefði verið fjárfest í flóttamannamiðstöðvum í Norður-Afríku auk samvinnu við upprunaríki flóttafólks þar sem pólitísk staða leyfir slíkt.

Sérstök umræða fór fram um Radio Free Europe/Radio Liberty (RFE/RL). Fjölmiðlinum var komið á fót í kalda stríðinu sem mótvægi við áróður og falsfréttir fjölmiðla í Austur-Evrópu. Í dag er RFE/RL með útsendingu á 27 tungumálum sem nær til 23 ríkja í austanverðri Evrópu, Mið-Asíu og Miðausturlöndum. Starfsemi miðilsins, sem að mestu fer fram í Prag, stendur nú frammi fyrir alvarlegum áskorunum þar sem Bandaríkjastjórn hefur lokað fyrir fjármögnun hans þrátt fyrir að bandaríska þingið hafi samþykkt fjárveitingu til rekstursins. Litáíski þingmaðurinn Emanuelis Zingeris var framsögumaður í umræðunni og lagði áherslu á núverandi hlutverk RFE/RL við að sporna við falsfréttum, áróðri og þeim öflum sem reyna að grafa undan lýðræðiskerfum Evrópu. Hann fagnaði neyðarframlagi frá framkvæmdastjórn ESB upp á 5,5 milljónir evra sem gerir miðlinum kleift að halda starfsemi sinni gangandi og kallaði jafnframt eftir því að Evrópuríkin tryggðu reksturinn til framtíðar. Zingeris lagði til að stjórnmálanefnd Evrópuráðsþingsins tæki starfsemi og framtíðarfjármögnun RFE/RL til sérstakrar skoðunar. Í umræðunni kom fram að 40 milljónir manna fylgjast með miðlum RFE/RL í viku hverri, þar af um 9% íbúa Rússlands og 10% íbúa Íran.

Sérstök umræða fór einnig fram um hlutverk þingmanna við að viðhalda fjárstuðningi til mannréttinda- og lýðræðismála á tímum þegar framlög til varnarmála eru að hækka. Frummælandinn, Andrej Hunko, lýsti yfir áhyggjum af því að stóraukin framlög til varnar- og öryggismála hefðu leitt til þrýstings um niðurskurð á öðrum mikilvægum sviðum, t.d. þróunarsamvinnu og mannréttindamálum og tók dæmi af vaxandi hópi þýskra ellilífeyrisþega sem lifa undir fátæktarmörkum. Í umræðunni komu þó einnig fram önnur sjónarmið, þar sem því var haldið fram að aukin framlög til varnarmála væru einmitt leið ríkja til að verja mannréttindi og öryggi eigin borgara, og því væri ekki um mótsagnir að ræða.

Þá var kynnt skýrsla og samþykkt álit (e. opinion) um drög að þriðju viðbótarbókun við Evrópusamninginn um gagnkvæma aðstoð í sakamálum frá árinu 1959. Viðbótarbókunin snýst fyrst og fremst um að laga samstarfið að breyttu tækniumhverfi með það að markmiði að auðvelda

og efla samstarf aðildarríkja Evrópuráðsins á þessu sviði. Með samþykkt álitsins mælir Evrópuþingið með því að ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykki viðbótarbókunina, en hvetur jafnframt til þess að tryggt verði að eftirlit með borgurum fari ætíð fram í samræmi við alþjóðleg mannréttindaviðmið.

Loks var kynnt skýrsla og samþykkt ályktun (e. resolution) um fjárhagsáætlun Evrópuráðsþingsins fyrir árin 2026 og 2027. Í ályktuninni er farið yfir hvernig Evrópuþingið mun vinna að pólitískum áherslumálum á þessu tímabili. Þeirra á meðal er aukinn stuðning við Úkraínu með áherslu á stöðu barna í gegnum þingmannanet um stöðu barna í Úkraínu. Einnig á að auka stuðning við framkvæmd dóma Mannréttindadómstóls Evrópu með þingmannasamstarfi. Þá er áhersla á innleiðingu Lýðræðissáttmálans (e. Pact for Democracy) með því að veita honum stuðning þingmanna, efla samstarf á sviði lýðræðislegra kosninga og auka samskipti við frjáls félagasamtök, þar á meðal fulltrúa lýðræðissinna í Hvíta-Rússlandi og Rússlandi, sem aðhyllast gildi og meginreglur Evrópuráðsins.